

Fimmtudagur 16. mars, 2016

Karl Ágúst Þorbergsson

Umsögn við þingsályktunartillögu um húsnæði Listaháskóla Íslands

143. mál, þingsályktunartillaga

Fyrir Alþingi liggur tillaga um að leysa úr langvarandi húsnæðisvanda Listháskóla Íslands. Þessi húsnæðisvandi hefur verið til staðar frá stofnun Listháskólans og hefur valdið því m.a. að skólinn getur með erfilega uppfyllt eitt helsta markmið hans um virkt, þverfaglegt samtal milli deilda skólans. Sú staðreynd að skólinn eru á 4 mismunandi stöðum í Reykjavík gerir það að verkum að náíð samband milli ólíkra deilda skólans er nánast ómögulegt svo ekki sé talað um mikinn kostnað sem fylgir því að reka skólann í 4 mismunandi byggingum. Staðan í dag hefur m.a. þróast á þá leið að sviðslistadeildin hefur sprengt af sér húsnæði sitt við Sölvhólgötu og nærliggjandi sumarbústaði og starfar nú á 3 mismunandi stöðum sem gerir það að verkum að starfsfólk og nemendur þurfa að leggja töluverða vinnu í að koma í veg fyrir að deildin trosni ekki í sundur. Vinna og álag sem fer í það að vinna með þessum stórkostlega húsnæðisvanda er farinn að hafa óeðlileg áhrif á raunverulegt starf deildarinnar, og Listaháskólans í heild, og dregur úr möguleikum skólans á að stuðla að tilraunum, framþróun og rannsóknum innan lista.

Núverandi húsnæði Listaháskólans er þar að auki nánast fullkomlega ónothæft. Í sviðslistadeild er eitt fundarherbergi sem er sameiginlegt með tónlistardeildinni og margir fastráðnir starfsmenn hafa ekki aðgang að skrifborði. Dansnámið fer að mestu leyti fram í sumarbústað og leikrými og æfingarými eru óhentug. Þá er frátalið að sterkur grunur er um að Sölvhólgata 13 sé sýkt af myglusvepp og hafa kennarar neitað að kenna í húsinu vegna veikinda sem hafa mögulega hlotist af þessari mylgu.

Undanfarið hafa átt sér stað framkvæmdir til að koma til móts við þetta húsnæðisástand, t.d. með því að breyta bókasafni Sölvhólgötunnar í æfingarými og koma fyrir æfingasölum í Austurstræti. Fljótlega kom hins vegar í ljós að þessir salir eru að miklu leyti ónothæfir, til dæmis vegna þess að lögun þeirra er ekki sniðin að þörfum leikrýmis og að samskipti við aðra leigjendur húsnæðis hefur valdið því að notkunarmöguleikar rýmanna hefa verið töluvert takmarkaðir. Þar að auki er aðeins verið að dreifa skólanum víðar um borgina í stað þess að sameina hann í eina einingu. Kostnaður við þessa sali hleypur á milljónum, kostnaður sem auðveldlega hefði verið hægt að komast hjá ef skólinn væri á einum stað.

Listir, menning og tengdar greinar er einn stærsti atvinnuvegur landsins og ljóst er að ef stjórnvöld hafa einhver hug á að sinna þessum geira þarf að styðja mun betur við allt listnáms og listsköpun á Íslandi. Með því að Alþingi Íslands taki skýra afstöðu varðandi óþolandi ástand húsnæðismála Listaháskóla Íslands er þrýst á stjórnvöld til að bregðast við með afgerandi hætti. Þannig tæki stjórnkerfið í heild skýra og afgerandi afstöðu til að tryggja starfi Listaháskólans vettvang til að uppfylla markmið sín og skyldur og stuðla þannig með beinum hætti að framsæknu og kröftugu háskólanámi í listum á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Karl Ágúst Þorbergsson
Sviðslistamaður og lektor við sviðslistadeild Listaháskóla Íslands
Fagstjóri sviðshöfundabrautar